

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 52/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1212 frá 8. maí 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1212:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1212 frá 8. maí 2020 (Stjtið. ESB L 275, 24.8.2020, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1212, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 24.8.2020, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING